



## Almennar upplýsingar fyrir hluthafa

Aðalfundur Íslandsbanka hf. fer fram mánudaginn 31. mars 2025 kl. 16:00, í fundarsalnum Háteig á 4. hæð Hótel Reykjavík Grand, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram rafrænt.

Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega var til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthöfum.

### *Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar*

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, skulu senda kröfu um slíkt á netfangið [hluthafar@islandsbanki.is](mailto:hluthafar@islandsbanki.is) í síðasta lagi tíu dögum fyrir boðaðan aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 21. mars 2025. Kröfu um slíkt skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun fundarins.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn. Löglega fram bornar viðauka- eða breytingatillögur má þó bera upp á fundinum sjálfum þó svo þær hafa ekki legið frammi hluthöfum til sýnis fyrir fundinn.

### *Reglur um sókn aðalfundar*

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og nýta þar atkvæðisrétt sinn.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt, og dagsett, umboð. Umboð skal leggja fram eigi síðar en á fundi og gildir það einungis til fundarsetu á viðkomandi hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

Á vefsíðu bankans, [www.islandsbanki.is/hluthafafundir](http://www.islandsbanki.is/hluthafafundir), má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér.

### *Skráning á aðalfund og rafræn þátttaka*

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á heimasíðunni <https://www.lumiconnect.com/meeting/islandsbankiagm2025>, eigi síðar en kl. 16:00 þann 30. mars 2025, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig eins snemma og hægt er til að nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og til að hægt sé að aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandamál.

Hluthafar geta lagt spurningar fyrir aðalfund með tölvupósti á netfangið [hluthafar@islandsbanki.is](mailto:hluthafar@islandsbanki.is) eða á aðalfundinum sjálfum.

Á vefsíðu bankans, [www.islandsbanki.is/hluthafafundir](http://www.islandsbanki.is/hluthafafundir), má finna nánari leiðbeiningar um rafræna þátttöku á aðalfundi bankans.



### *Atkvæðagreiðslur, atkvæðavægi og áskilinn fjöldi atkvæða*

Atkvæðagreiðsla á fundinum, án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt, mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum Lumi AGM veflausnina. Nánari leiðbeiningar um rafræna þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á vefsíðu bankans, [www.islandsbanki.is/hluthafafundur](http://www.islandsbanki.is/hluthafafundur).

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema á annan veg sé mælt fyrir í lögum eða samþykktum bankans. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Samþykktum bankans má breyta á lögsmætum hluthafafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, sem og samþykki hluthafa sem fara með a.m.k. 2/3 hluta þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé ekki annað samþykkishlutfall áskilið í lögum eða samþykktum bankans.

Kosning stjórnar félagsins skal framkvæmd sem margfeldiskosning milli einstaklinga, sbr. c lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn skal ekki vera lægra en 40%. Þær þrjár (3) konur og þrír (3) karlar sem fá flest atkvæði og sá einstaklingur sem fær flest atkvæði næst á eftir áðurgreindum einstaklingum í kosningu til stjórnar félagsins, skulu teljast réttkjörin sem stjórnarmenn félagsins. Sú kona og sá karl sem fá flest atkvæði í kosningu til varastjórnar félagsins skulu teljast réttkjörin sem varastjórnarmenn félagsins. Náist ekki nægilegur fjöldi fulltrúa af hvoru kyni til að ná framangreindu hlutfalli, skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem skal haldinn innan mánaðar. Þar til lögsmæt kosning hefur farið fram þar sem áskilið kynjahlutfall hefur náðst, skal eldri aðal- og/eða varastjórn, eftir því sem við á, sitja áfram.